

Íslenskur iðnaður

SI

1. tbl. 12. árg

Samtök iðnaðarins

Janúar 2006

Framtíðin í okkar höndum

Rúmlega 400 manns sóttu fund Samtaka iðnaðarins um hagsmunamál sem nú brenna á hátæknifyrirtækjum m.a. vegna hás gengis íslensku krónunnar.

Fundurinn er sá fjölsóttasti sem Samtök iðnaðarins hafa staðið fyrir. Fjörir frummælendur reifuðu málin frá sjónarhóli hátækninnar en síðan tóku stjórn-málamennirnir við. Viðbrögð þeirra við áhyggjum fundarmanna voru af ýmsum toga en fátt um að fulltrúar ríkisstjórnarflökkanna gæfu yfirlýsingar um að tekið yrði með afgerandi hætti á aðstoðj-

andi vanda í anda þess sem felst í áskorun til ríkisstjórnarinnar sem fundurinn samþykkti einróma (sjá bls. 3).

Ekki er þó að efa að fundurinn hefur orðið til þess að sýna stjórnvöldum svart á hvítu að það er full alvara að baki þeim tillögum sem Samtök iðnaðarins, Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja, Samtök sprotafyrirtækja og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja hafa lagt fram til að bæta starfsskilyrði hátækniiðnaðarins og tryggja vöxt hans á Íslandi.

(Nánar verður sagt frá fundinum í febrúarblaði Íslensks iðnaðar).



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Árni Mathiesen



bls. 2



Skýra stefnu og markvissar aðgerðir

bls. 3



Iðning 2006 föstudaginn 17. mars að Hótel Loftleidum

bls. 5



Ríkur, ríkari, ríkastur

bls. 7



Brýn nauðsyn á framtíðarsýn fyrir íslenskt atvinnulíf

bls. 11



Orkulindin Ráðstefna um gildi ál- og orkuframleiðslu 27. janúar

Skýra stefnu og markvissar aðgerðir

Vilmundur
Jósefsson
formaður SI



Stefnumótun um uppbyggingu hátækni

Í hnattvæddum heimi eru það ekki einasta fyrirtækin sem keppa sín í milli heldur fer samkeppni ríkja heims um fjármagn, framleiðslu og fólk síharðnandi. Harðast er barist um þau störf sem skapa mestu framleiðsluverðmætin. Það er mikill misskilningur ef menn halda að uppbygging hátækni-iðnaðar gerist sjálfkrafa á Íslandi á sama tíma og margar helstu samkeppnisþjóðir okkar hafa markað sér þá stefnu og sett sér skýr markmið sem öll miða að því að byggja upp og laða til sín hátækniyfirtæki. Stjórn Samtaka iðnaðarins telur að stjórnvöld, í samvinnu við hagsmunaaðila, þurfi að móta skýra stefnu sem hafi að markmiði að hvetja til og greiða enn frekar fyrir uppbyggingu hátækni-iðnaðar á Íslandi.

Endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar

Meðal þeirra tillagna sem stjórn SI tekur heils hugar undir má nefna fjárhagslega hvata til rannsókn- og þróunarstarfs innan fyrirtækja líkt og Norðmenn, Svíar, Frakkar og fleiri hafa tekið upp. Að norski fyrirmynd mætti koma á fót endurgreiðsluferfi vegna viðurkenndra rannsókn- og þróunarverkefna. Endurgreiðslur geta numið allt að 20% kostnaðar en með tilteknu þaki. Skattkerfið verði nýtt í þessu samhengi þannig að þau fyrirtæki, sem greiða tekjuskatt, fái afslátt en þau sem ekki greiða skatt fái endurgreiðslur.

Lagfæringar á VSK kerfinu og útvistun verkefna

Gera þarf tafarlaugar úrbætur á virðisaukaskattkerfinu sem nú leiðir til óeðlilegs samkeppnisforskots opinberra stofnana og annarra þeirra sem eru utan virðisaukaskattkerfisins. Fyrirtæki verða að leggja virðisaukaskatt á vörur sínar og þjónustu. Í sumum tilvikum fá opinberar stofnanir þann skatt (innskattinn) ekki endurgreiddan. Í stað þess að kaupa þjónustu frá einkafyrirtækjum er starfsemi byggð upp innan húss. Virðisaukaskatturinn virkar þannig eins og 24,5% tollvernd fyrir tiltekna starfsemi á vegum opinberra aðila. Mikill vöxtur opinberra tölvudeilda er ein afleiðing þessa. Sú þróun gengur í raun þvert á stefnu stjórnvalda að bjóða út á sem flestum sviðum þróunar-, þjónustu- og rekstrarverkefni til fyrirtækja á almennum markaði og forðist þannig óskilvirka uppbyggingu innan eigin stofnana.

Lagarammi um fjármögnun nýsköpunar

Skapa þarf hagstæð skilyrði fyrir framtaksfjárfesta til þess að taka þátt í fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Laga- og skattareglum vegna slíkrar starfsemi er verulega áfátt. Setja þarf reglur um samlagshlutafélög sem gera fjárfestum kleift að stofna hér á landi félög um nýsköpunar- og sprotafjárfestingar án tvísköttunar. Óviðunandi er að starfsemi af þessu tagi sé hrakin úr landi og slík félög neydd til að reka starfstöðvar í útlöndum eins og nú tíðkast.

Nýsköpunarsjóður og Tækniþróunarsjóður

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins þarf að vera sjálfstæður og öflugur fagfjárfestir. Nýlegar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar styrkja stöðu hans verulega en stíga þarf skrefið til fulls með nauðsynlegum lagabreytingum þannig að hann geti beitt sér af fullum styrk við að laða fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóði og banka til samstarfs.

Breyta þarf lögum um NSA sem tryggja betur sjálfstæði hans og stöðugleika í starfsemi hans. Tækniþróunarsjóður þarf að efla meira og hraðar en nú er gert ráð fyrir. Framlag til sjóðsins er 460 milljónir í ár en nauðsynlegt er að veita meira fé til hans og setja ætti markið á a.m.k einn milljarð á ári.

Verk-, tækni-, og raungreinamenntun

Enn ríkari áherslu þarf að leggja á verk-, tækni-, og raungreinamenntun með markvissri uppbyggingu menntastofnana og fræðslu og áróðri sem miðar að því að hvetja til náms á þessum sviðum. Hátækniyfirtækin þarfnast vel menntaðs starfsfólks í vaxandi mæli. Það er áhyggjuefni að þeim, sem leggja stund á tækniþróun, verkfræði og aðrar greinar raunvísinda hefur fækkað hlutfallslega undanfarin ár.

Sameining ráðuneyta og rannsóknastofnana

Sett verði á fót eitt atvinnuvegaráðuneyti til að auka skilvirkni í starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Núverandi aðgreining er löngu úrelt, hefur margvísleg neikvæð áhrif á ákvarðanir stjórnvalda og veldur skaða og mismunur í atvinnulífnum.

Af sama meiddi er tillaga um að sameina rannsóknastofnanir atvinnulífsins í eina öflugra stofnun sem verður í nánu samstarfi við háskóla og fyrirtæki bæði á Íslandi og í útlöndum. Núverandi fyrirkomulag byggist á fortíð og er ekki til þess fallið að þjóna gjörbreyttu atvinnulífi eða stuðla að grósku innan nýrra greina.

Stöðugleiki, vaxtastig og launaþróun

Sveiflur í gengi krónunnar eru miklar og valda erfiðleikum í rekstri. Það á ekki síst við um sprota- og nýsköpunarfyrirtæki sem byggja nær öll vöxt sinn á því að sækja á erlenda markaði. Leita þarf allra tiltækra leiða til þess að lágmarka slíkar sveiflur.

Vaxtastig og launahækkanir á Íslandi langt umfram það sem gerist hjá nágranna- og samkeppnisþjóðum er öllum rekstri ákaflega þungbært, ekki síst minni fyrirtækjum og þá sérstaklega nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Efnahagslegt umhverfi hérlendis verður að geta leitt til sambærilegra vaxta og launaþróunar og tíðkast í helstu samkeppnislöndum. Hvorugt mun nást nema Ísland verði hluti af stærra myntsvæði og evran leysi íslensku krónuna af hólmi.

IÐNÞING 2006

verður haldið föstudaginn
17. mars á Hótel Loftleiðum

KOSNINGAR

Í tengslum við Iðnþing fara að venju fram kosningar til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins. Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður er Vilmundur Jósefsson, en Vilmundur hefur verið formaður samfleytt í sex ár og er því ekki lengur kjörgengur samkvæmt lögum SI.

Að þessu sinni ganga þrír úr stjórn, þau Hreinn Jakobsson, Skýrr hf., Halla Bogadóttir, Höllu Boga gullsmíði og Þorsteinn Víglundsson, BM Vallá ehf. Þorsteinn gefur kost á sér til endurkjörs en Halla hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér. Hreinn hefur setið sex ár samfleytt í stjórninni og er því ekki lengur kjörgengur samkvæmt lögum SI. Þeir sex sem næst eru því að ná kjöri í stjórn taka sæti í ráðgjafaráði SI.

Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar af hefur SI nú 30. Reikna má með að fjöldi þeirra svipaður að þessu sinni.

Óskað er eftir tilnefningum til allra þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa borist eigi síðar en 10. febrúar nk. til skrifstofu Samtaka iðnaðarins.

AÐALFUNDUR

Hefðbundin aðalfundarstörf fara fram fyrir hádegi. Að þeim loknum er hádegisverður og ræður formanns og iðnaðarráðherra.

Ákveðið hefur verið að yfirskrift Iðnþings að þessu sinni verði:

Framtíðarsýn fyrir atvinnulífið - nýsköpun í hnattvæddum heimi.

Dagskráin er að öðru leyti í undirbúningi og verður kynnt um leið og hún er frágengin.

ÁRSHÓF

Árshóf Samtakanna verður að venju haldið að kvöldi Iðnþingsdags í veislusalnum Versölum í Húsi iðnaðarins, Hallveigarstíg 1 og hefst kl. 19:30.

Félagsmenn eru hvattir til þess að fjölmenna til Iðnþings og árshófs.

Nánari upplýsingar um Iðnþing, kosningar og árshóf verða birtar í næsta tölublaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri Samtakanna www.si.is

Samtök iðnaðarins

16. janúar 2006

Áskorun Tækifærin felast í hátækninni

Margt hefur áunnist í almennum starfsskilyrðum á undanfönum árum og atvinnulíf Íslendinga er mun fjölbreyttara en áður var. Þar vegur þungt ör vöxtur hátækni undanfarinn áratug. Sú þróun er mikilvægur þáttur í endursköpun íslensks atvinnulífs á tímum hnattvæðingar og aukinnar samkeppni.

Þjóðir heims keppast um að nýta sem best þá nýju möguleika sem nú blasa við. Hnattvæðingin felur í sér tækifæri til að efla hagvöxt og vel-sæld í framtíðinni. Sé hins vegar ekki rétt á spilnum haldið er að sama skapi aukin hættu á að við glötum fjármagni, framleiðslu og fólki til annarra landa. Besta leiðin til þess að nýta tækifærin er að efla menntun, rannsókn- og þróunarstarf og greiða fyrir vexti hátækniíðnaðar sem skapar verðmæt störf og útlutningsverðmæti.

Um þessar mundir eru blikur á lofti sem gera hátækni fyrirtækjum erfitt fyrir. Við þeim verður að bregðast.

Stjórn Samtaka iðnaðarins skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér markvisst fyrir uppbyggingu hátækniíðnaðar á Íslandi og hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem Samtökin hafa sett fram.

Kosning til stjórnar

Helgi Magnússon oftast kenndur við Hörpu hefur tilkynnt stjórn Samtaka iðnaðarins að hann gefi kost á sér til formanns.

Anna María Jónsdóttir, stjórnarformaður Lauga Spa snyrti- og nuddstofunnar ehf. gefur kost á sér til stjórnarsetu í Samtökum iðnaðarins.



Á fundi um málefni hátækni fyrirtækja, Svanhildur Hólm, stjórnandi pallborðsumræðna og stjórnmalamennirnir Hjálmar Arnason, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Árni Mathiesen, Guðjón A. Kristjánsson og Atli Gíslason

Þriðja stoðin í atvinnulífinu

Fyrirtæki í upplýsingatækni bundu miklar vonir við árangur af tilboði til stjórnvalda um að upplýsingatæknin gæti skipað þann sess að verða þriðja stoðin í íslensku atvinnulífi ásamt sjávarútvegi og stóriðju. Hins vegar veldur það nokkrum vonbrigðum að stjórnvöld skuli ekki hafa brugðist við tilboði Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja í samræmi við væntingar þeirra og ekki ljóst hvað veldur.

Í tilboðinu fólst að tífalda gjaldeyris-tekjur af upplýsingatækni úr fjórum milljörðum í 40 milljarða ár árunum 2004-2010 en til þess að það nái fram að ganga þarf tilteknar aðgerðir og ríkið verður að bregðast við með ákveðnum hætti til að markmið tilboðsins nái fram að ganga. Þess ber að geta að á undanfórnum árum hafa aðgerðir stjórnvalda falist í ýmsum almennum aðgerðum hvað varðar aðbúnað íslensks atvinnulífs svo sem skattkerfið sem hefur komið öllum fyrirtækjum í landinu til góða. Hins vegar þarf fleira að koma til ef tilboðið um þriðju stoðina á að bera þann árangur sem að var stefnt.

Vaxtartækifærin erlendis

Í upplýsingatæknigeiranum hefur fyrirtækjum fækkað en þau stækkað að sama skapi. Skýrr er hluti af Kögunarsamsteypunni, sem er orðið meðalstórt fyrirtæki í upplýsingatækni á norrænan mælikvarða. Þar hefur starfsmönnum fjölgað og talsvert verið um samruna og yfirtökur svo að ytri vöxtur hefur verið talsverður. Það rekur starfsemi í 6 löndum, starfsmenn eru um eitt þúsund og veltan nemur um 20 milljörðum króna. Nú er starfsemin orðin meiri erlendis en hér heima enda eru vaxtartækifærin erlendis. Samsteypan keypti t.d. nýlega fyrirtæki í Bandaríkjunum en með útrásinni kemur gengisþróunin ekki eins mikið við okkur og annars væri.

Tölvudeildir hins opinbera þenjast út

Tækifærin hér á landi gætu verið miklu fleiri en greinin býr við það að aðeins um þriðjungur af UT-þjónustu á sér stað í sjálfstætt starfandi fyrirtækjum. Þróunin sl. tvö ár hefur hins vegar verið sú að einkafyrirtæki hafa í vaxandi mæli keypt slíka þjónustu af UT-fyrirtækjum í stað þess að reka sjálf tölvudeildir en einbeita sér þess í stað að kjarnastarfsemi sinni og öðlast þar með samkeppnisforskot. Hins vegar stefnir ríkið í öfuga átt þar sem tölvudeildir hins opinbera hafa þanist út á sama tíma og einkafyrirtæki

Hreinn Jakobsson
stjórnarmaður SI



útvista tölvuþjónustu til fyrirtækja eins og Skýrr.

Mikilvægt að einkafyrirtæki geti keppt á jafnréttisgrundvelli

Stefna ríkisins hefur þó verið í þá átt að útvista tölvuþjónustu og einkavæðing Skýrr á sínum tíma var liður í því ferli. Þess vegna gegnir nokkurri furðu að þetta skuli hafa gengið til baka og sú þróun hefur því gengið þvert á stefnu stjórnvalda. Skýringin er raunar sú að opinberar stofnanir, bankar, fjármála- stofnanir og tryggingafélög sjá sér hag í að koma sér upp tölvudeildum til að komast hjá að greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu en þau hafa ekki getað dregið hann frá nema að hluta. Meginatriðið er því að þessar stofnanir geti leitað hagkvæmni í rekstri og að einkafyrirtæki geti keppt á jafnréttisgrundvelli.

Ríkið gæti hagrætt mikið

Þetta mál snýst eingöngu um að jafna samkeppnisaðstöðuna. Stofnanir þurfa að velja milli þess að byggja upp eigin tölvudeildir eða kaupa þjónustu frá sérhæfðum fyrirtækjum. Geti einkafyrirtæki ekki boðið hana með hagkvæmari hætti eru þau ekki samkeppnisfær. Ef þau stæðu á jafnréttisgrundvelli efast ég ekki um að ríkið gæti hagrætt mjög mikið. Sem dæmi má nefna að Skýrr gerði fjór- um ráðuneytum nýlega tilboð um að lækka kostnað þeirra vegna UT-þjónustu um 20% en efnisleg svör við því tilboði hafa ekki borist enn sem komið er. Þess ber þó að geta að fjöldi opinberra stofnana er í þjónustu hjá Skýrr þótt vöxturinn hafi fyrst og fremst verið í einkageiranum.

Ríkur, ríkari, ríkastur

Hingað til hef ég verið upp með mér og ánægður í þau fáu skipti sem ég hef verið beðinn um að segja álit mitt á efnahagshorfum eða ástandinu í þjóðfélaginu almennt og hvað ég haldi að framtíðin beri í skauti sér. Hef ég jafnan látið móðan mása í þessum viðtölum um ástandið og reynt að geta mér til hvert stefndi.

Hins vegar þegar ég var beðinn að skrifa þennan pistil sem þú, lesandi góður, ert nú að lesa þá runnu á mig a.m.k. tvær grímur. Málið er nefnilega að í stað þess sem áður var þegar ég þóttist vita nær allt um það hvað var að gerast í þjóðfélaginu og jafnvel einnig hvað myndi gerast í framtíðinni þá hafa mál þróast á þann veg undanfarin misseri að ég hreinlega skil ekki hvað er að gerast og því síður að ég viti hvað muni gerast í framtíðinni. Af nógu er að taka af mál-efnum sem ég ekki skil.

Hlutabréf hækka

Ég skil t.d. ekki af hverju hlutabréf á Íslandi hækka og hækka en ég hef lengi haldið því fram að nú hlytu þau að vera í hámarki og að engin forsenda væri fyrir frekari hækkunum. Þau gætu ekki hækkað meira. Þannig hef ég valdið þeim skaða, ef einhverjir voru, sem hlustuðu á mig og annaðhvort seldu eða keyptu ekki hlutabréf.

Krónan hækkar

Síðan má nefna gengi íslensku krónunnar. Ég hef beðið eftir því í marga mánuði að Seðlabankinn t.d. lækkaði vexti í þeim tilgangi að lækka gengi krónunnar til að skapa bærileg skilyrði fyrir atvinnulífið og til að slá á viðskipta-hallann. Í staðinn hefur Seðlabankinn haldið gengi krónunnar háu með háum vöxtum til að reyna að halda aftur af verðbólgunni en á sama tíma gerir ríkið allt til að auka verðbólgu með stórauðnum ríkisútgjöldum eins og vikið verður að hér á eftir.

Íslendingar bestir í öllu

Svo er það útrásin. Ég gerði mér alls enga grein fyrir því hve góðir, já og jafnvel betri en aðrir, við Íslendingar erum í nær öllu litrófi atvinnurekstrar. Við erum t.d. góðir ef ekki bestir í flugrekstri, bankastarfsemi, rekstri spilavíta,

Sigurður Bragi Guðmundsson
Stjórnarmaður SI



fjarskiptafyrirtækja og lyfjafyrirtækja, flutningastarfsemi, smásölurekstri, framleiðslu á tilbúnum réttum, fasteignarekstri og svo auðvitað í ýmiss konar iðnrekstri eins og t.d. rekstri plastframleiðslufyrirtækja.....

Ríkisútgjöld hækka

Enn annað, sem ég skil ekki, er að á sama tíma og hið opinbera hefur þanist svo mikið út að ríkisútgjöld eru nú orðinn helmingi hærrí en árið 2000 þá er talað um að það sé aðhald í ríkisrekstrinum. Ríkisútgjöld hafa aldrei í sögunni hækkað meira en síðan árið 2000 sem aftur hefur hækkað gengi krónunnar. Síðan reiknar Kjaradómur út allt það launaskrið sem orðið hefur hjá þeim hærra launuðu hjá ríkinu og ríkisfyrirtækjunum og þá eru stjórnmalámennt mjög undrandi hve það er mikið, rétt eins og þeir efist um að Kjaradómur kunní margföldunartöfluna. Þetta skil ég ekki heldur.

Fyrirtæki flytja land

Fáir virðast hafa áhyggjur af því að iðnfyrirtæki, þ.m.t. hátækniyrirtæki, flýja Ísland unnvörpum vegna hás gengis íslensku krónunnar. Stjórnvöld aðhafast ekkert. Nú er það svo að það er eðlilegt að sum störf flytjist úr landi. Það skil ég. Það sem hins vegar er verst er að starfsmönnum fækkar ekki hjá ríki og sveitarfélögum né heldur hjá ríkisfyrirtækjum eins og Orkuveitunni eða vernduðu atvinnugreinunum. Nei, það fækkar hjá þeim fyrirtækjum sem skapa verðmæt-

ustu störfin en njóta engrar verndar og vilja enga vernd. Þess vegna er ekki eðlileg framþróun og endurnýjun í atvinnumálum þjóðarinnar. En fólk hefur ekki áhyggjur af þessu og veltir þessu ekki fyrir sér. Miklu frekar að það nýti sér góðærið mikla og velti fyrir sér hver sé ríkur, hver ríkari og hver ríkastur.

Allt þetta skil ég ekki og það sem verra er - ég veit ekki um neinn annan sem skilur það.

Því er það svo lesandi góður að haldir þú að ég gæti hugsanlega gefið þér einhver góð ráð þá hefur þú farið í geitarhús í leit ullar.



Matur sem tískuvara

Tímarnir hafa breyst í hinum vestræna heimi. Matur er ekki bara matur lengur heldur tekur örur breytingum eftir tíðaranda og efnahag - líkt og tískan. Matur og matarvenjur eru beintengd lífsstíl og hér á landi sjáum við það kannski helst á því hvað úrval matvöruverslana breytist ört. Kennslublandaðar auglýsingar, erlendir kokkapættir og matartengdir sjónvarpsþættir hafa í þeim efnum haft mikið að segja.

Vöruþróun og framsetning lykilatriði

En hvaða áhrif höfum við þá sjálf á þessa strauma? Höfum við einhver áhrif á matartískuna eða erum við eingöngu viðtakendur? Við Íslendingar höfum lengi haft sérlega gott hráefni að vinna úr og gott hráefni er auðvitað góð undirstaða til verðmætasköpunar. En það er ekki allt. Við höfðum of lengi vaðið í þeirri villu að nóg væri að flagga góðu hráefni og haldið að með því væri björninn unninn en svo er alls ekki. Tímarnir hafa breyst, og vöruþróun og framsetning eru orðin að lykilatriðum nútímans, þ.e.a.s. að hantera hráefnið með frumleikann að leiðarljósi ásamt nýrri sýn á markaðinn.

Tískustraumar og frumleiki

Við sem störfum í matvælaíðnaðnum teljum lífsnauðsyn hverju fyrirtæki að vera í stöðugri vöruþróun. Það skemmtilega við það, þegar vel tekst til, er einmitt að sjá alveg nýja hlið á hráefninu, finna nýjan flöt á því en hinn nýi flötur getur einmitt opnað augu markaðarins t.d. fyrir gömlum hefðum. Vöruþróun snýst nefnilega um að þora að fara óhefðbundnar leiðir og jafnvel reyna hið ómögulega.

En ég held einmitt að mikilvægast sé að fara ótroðnar slóðir og í því efni höfum við góðar fyrirmyndir eins og Björk og Sigurrós í tónlistargeiranum. Ég held að með dirfskunni gætum við lagt eitt-hvað til tískustraumanna og í þeim liggja auðvitað verðmætin.

Aðalheiður
Héðinsdóttir
stjórnarmaður SI



Áfram Ísland

Vöruþróun og hugmyndavinna verða því ekki of brýnd fyrir framleiðendum. Varan verður svo auðvitað að samrýmast umbúðum sínum. Nýjar umbúðir utan um gamalgróna vöru er svo enn önnur leið til þess að ná athygli en innihaldið verður þó alltaf að standa fyrir sínu. Það víta þeir best sem komist hafa lengst með framleiðslu sína hérlandis sem erlendis. Og út eigum við að sækja því



að við erum engir eftirbátar erlendra kollega okkar - það er löngu sannað. Á mörgum sviðum matvælaíðnaðar gætum við svo sannarlega verið í fararbroddi - svo mikið er víst. Það eina sem þarf er að sjá hráefni okkar í nýju ljósi og þora. Til þess þarf bara frumleika og nýja sýn - og áður en við vitum af gæti matartíska heimsins tekið íslenska sveiflu.

Upplýsingar um umhverfismál

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um upplýsingarétt um umhverfismál og búast má við að það verði að lögum í vetur. Ný lög munu innleiða tilskipun 2003/4/EB og koma í stað laga nr. 21/1993 um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

Meginbreytingar, sem í frumvarpinu felast, eru að skilgreining á umhverfi er víkkuð verulega, ný og við skilgreining er á því hvað telst stjórnvald og ekki er takmarkaður aðgangur að upplýsingum um losun mengandi efna út í umhverfið.

Aðgangur að viðkvæmum upplýsingum

Í grófum dráttum má segja að allar upplýsingar, sem hið opinbera aflar um umhverfið, geti orðið aðgengilegar almenningi eftir að þessi lög hafa tekið gildi. Sá sem óskar eftir upplýsingum þarf ekki sýna fram á að hann hafi einhverra hagsmuna að gæta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að óheimilt sé að veita aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra



lögðilla. Mat á því hvað séu viðkvæmar upplýsingar eru í höndum stjórnvalds sem er heimilt en ekki skylt að leita álits þess er upplýsingarnar varða. Ef stjórnvald hins vegar leitar slíks álits er viðkomandi skylt að svara erindinu innan sjö daga.

Opinberir aðilar, sem afla kerfisbundið upplýsinga frá fyrirtækjum, eru til dæmis skoðunarstofur, heilbrigðis- eftirlit, Umhverfisstofnun, Vinnueftirlit og aðilar sem sækja þarf um leyfi til.

Því getur verið nauðsynlegt fyrir fyrirtæki að móta sér starfsreglur um afhendingu gagna til opinberra aðila þar sem þess er gætt að ekki séu veittar rýmri upplýsingar en krafist er samkvæmt lögum og að tekið sé fram ef upplýsingar varða framleiðslu- og viðskiptaleynd.

Brýn nauðsyn á fram tíðarsýn fyrir íslenskt atvinnulíf

Það er ánægjulegt að horfa um öxl og sjá árangurinn í uppbyggingu hátækni iðnaðar og þekkingariðnaðar á Íslandi undanfarin 5-10 ár en hann hefur vaxið úr því að vera aðeins 0.6% af verðmætastöðuninni árið 1998 í um 4% árið 2004. Um 7% af útflutningsverðmætum Íslendinga má nú rekja til hátæknigreina iðnaðarins. Þetta er án efa merkilegasta breytingin í atvinnusögu okkar hin síðari ár en hefur fengið ótrúlega litla athygli. Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun erum við enn langt á eftir nágrannaríkjum okkar í umfangi hátækni iðnaðar og því mikilvægt að gera enn betur í því að nýta þá möguleika sem framundan eru.

Af hverju hátækni iðnaður?

Hvers vegna er flestum þjóðum svo umhugað að stuðla að uppbyggingu hátækni iðnaðar? Við mótun framtíðarstefnu hafa þessar þjóðir lagt mikla áherslu á að finna leiðir hvernig megi snúa þeim ógnunum, sem felast í alþjóðavæðingunni, í tækifæri. Niðurstaðan hefur alltaf verið á sömu leið, að eina leiðin til þess að viðhalda lífskjörum í framtíðinni sé að atvinnulífið byggist á þekkingu og hátækni. Mikilvægt er fyrir Íslendinga að móta sér sambærilega framtíðarstefnu, þ.e. hvernig sjáum við atvinnulífið á Íslandi eftir 10-15 ár ef við ætlum að skapa þau lífskjör og þau störf sem við viljum að börn okkar gegni í framtíðinni. Þegar framtíðarsýnin er skýr og breið samstaða hefur náðst um hana er hægt að ræða á málefnalegan hátt um hvaða starfskilyrði eru sköpuð og leiðir farnar til að ná þessum framtíðarmarkmiðum. Um þessar mundir skortir verulega á samstöðu um mikil-

Hörður Arnarson
stjórnarmaður SI



vægi hátækni iðnaðar þegar erfið starfskilyrði iðnaðar eru rædd.

Bæta þarf almenn starfskilyrði

Ýmislegt jákvætt hefur verið gert á undanförnum árum til að bæta starfskilyrði hátækni fyrirtækja. Má þar nefna breytingar á tekju- og eignaskatti fyrirtækja, eflingu Nýsköpunarsjóðs og Tækniþróunarsjóðs og eflingu menntakerfisins. Ef við ætlum að vera í fremstu röð í hátækni iðnaði eftir 10-15 ár þurfum við að skapa kilyrði sem eru sambærileg við það sem best gerist hjá nágrannalöndum okkar. Hér vantar þó enn mikið upp á, sérstaklega vegna þess að þær þjóðir eru stöðugt að leita nýrra leiða til að bæta samkeppnishæfni hátækni fyrirtækja.

Í meginatriðum ber fyrst og fremst að stefna að því að skapa almenn starfskilyrði fyrir hátækni iðnaðinn þar sem efnahagslegur stöðugleiki er mjög mikilvægur. Sé vilji fyrir hendi til að grípa til sértækra aðgerða er mikilvægt að þær gagnist hátækni fyrirtækjum. Nú grípa stjórnvöld og sveitarfélög hér á landi ítrekað til sértækra aðgerða í samningaviðræðum við erlend fyrirtæki þar sem þeim eru boðin mun betri starfskilyrði en íslenskum hátækni fyrirtækjum. Þar virðist skipta meira máli hvaða tungumál er talað en hvaða framtíðarsýn menn hafa fyrir atvinnulífið.

Orkulindin Ísland Gildi ál- og orku- framleiðslu á Íslandi



Ráðstefna um gildi ál- og orkuframleiðslu á Íslandi fer fram á Hótel Nordica föstudaginn 27. janúar 2006. Ráðstefnan ber yfirskriftina Orkulindin Ísland og er haldin á vegum Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Samorku. Fyrirlesarar á ráðstefnunni verða Þórður Friðjónsson, sem fjallar um orku, ál og hagvöxt, Þóra Ásgeirsdóttir frá IMG kynnir nýja viðhorfskönnun til virkjana og áliðnaðar, Bryndís Skúladóttir, efnaverkfræðingur hjá SI fjallar um umhverfismál og þeir Smári Geirsson í Fjarðabyggð og Guðmundur Páll Jónsson, bæjarstjóri á Akranesi, fjalla um áhrif iðnaðarins á sveitarfélögin. Síðastur fyrir hlé talar Hallur Hallsson, sagnaritari, um þá sviptivinda sem leikið hafa um stóriðju á Íslandi fyrr og nú.

Eftir kaffihlé verður lögð áhersla á þá tækniþekkingu sem orku- og áliðnaður hefur skapað og áhrifin á atvinnulíf í landinu. Ágúst Valfell, lektor við HR, fjallar um áhrif iðnaðarins á uppbyggingu verk- og tækniþekkingar, Lárus Elíasson, forstjóri Enex, fjallar um útflutningsmöguleika sem felast í uppbyggingu orku- og áliðnaðarins á Íslandi. Síðasti frummælendinn er Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ sem lýsir sýn launþegahreyfingarinnar á iðnaðinn

Þátttakendur í pallborðsumræðum verða Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Norðuráli, Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls og Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar. Ráðstefnan hefst kl. 13:00 og er aðgangur ókeypis en áhugasömum er bent á að skrá sig á vefsíðu Samtaka atvinnulífsins SA.is eða í síma 591-0000.

Bjarni Már Gylfason



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
01. töl. 12. árg. Janúar 2006
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 20.01.2006
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.

Reynslunni ríkari

Halla Bogadóttir
stjórnarmaður SI



Nú hef ég setið í stjórn Samtaka iðnaðarins frá árinu 2002 og er reynslunni ríkari. Allur tíminn hefur verið lærdómsríkur og skemmtilegur. Fyrstu mánuðina áttar maður sig á hvers er að vænta og hvað maður vill leggja af mörkum. Sem fulltrúi þjónustugreina vildi ég beita mér fyrir bættari iðnmenntun og kanna möguleika á að stækka markaðinn fyrir hönnunar- og handverksgræinar.

Styrkir til námsefnisgerðar

Hvað iðnmenntun varðar hefur stjórn SI beitt sér fyrir bættari tækni- og iðnmenntun, ásamt möguleikum til náms á háskólastigi innan nýstofnaðs Háskólans í Reykjavík.

Reynsla mín af vinnu við námskrárgerð hefur gert mér ljóst að margar iðngreinar búa við afar slæman kennslubókakost. Til dæmis hefur ein elsta iðngrein landsins, gullsmíði, aldrei átt neina kennslubók fyrir þá iðn. Nýlega samþykkti stjórn SI að árlega verði veittir styrkir til námsefnisgerðar. Auglýst verður eftir styrkbeiðnum og þær afgreiddar samkvæmt nýsamþykktum reglum. Þetta verður mörgum iðnaðarmönnum og handmenntakennurum fagnaðarefni.

Mikill áhugi á íslensku hönnunar- og handverki

Sem gullsmíður og verslunareigandi við Laugaveg hef ég orðið vör við gríðarlegan áhuga erlendra ferðamanna á íslensku hönnun en auk þess hefur aukist áhugi Íslendinga á að kaupa íslenskt. SI stóðu fyrir stefnumótunarvinnu meðal gullsmíða og þar kom fram eindregin ósk um að nálgast stærri markað og erlenda ferðamenn, t.d. í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Því varð úr að Samtökin tóku þátt í svonefndu forvali sem efnt var til á vormánuðum 2005 vegna stækkunar flugstöðvarinnar. Auglýst var eftir þátttakendum á sviði íslenskrar hönnunar og handverks og fór þátttakan fram úr vonum. Gerð var viðskiptaáætlun um glæsilega verslun undir heitinu Independent people og hafa samskipti við FLE staðið út árið 2005 en nú í ársbyrjun er ekki enn fullkomlega ljóst hvaða afstöðu flugstöðin og eigendur hennar hafa til hugmyndarinnar. Verður að segjast eins og er að vinnubrögð í þessu ferli hafa vakið nokkra furðu.

Eins og áður sagði hefur seta mín í stjórn Samtaka iðnaðarins verið ákaflega fróðleg og lærdómsrík. Ég hef þó ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi setu í stjórninni og nota því tækifærið og þakka félagsmönnum öflugan og dugmikinn stuðning og óska þeim gleðilegs nýs árs.

Taxti III

kostnaðarlíkan

Taxti 3 nýtt kostnaðarlíkan

Með fyrstu útgáfu kostnaðarlíkansins TAXTA í árslok 1999 var mætt þörf fyrirtækja innan SI á aðgengilegu forriti til að reikna útsölu- og vélataxta eftir eigin rekstrarforsendum. Viðtökur voru mjög góðar og fram komu óskir um að halda áfram á sömu braut, þróa líkanið, laga að breyttum aðstæðum og nýta nýjungar tölvutækninnar á hverjum tíma til fulls.

Vorið 2001 gerðu SI samninga við Kerfisþróun ehf. um áframhaldandi þróun og nú er komin þriðja kynslóð líkansins undir heitinu TAXTI III sem forritaður er í Windows umhverfi.

Taxti III er þjállí í notkun og gefur notendum fleiri möguleika en fyrri útgáfur. Meðal annars hefur forritið verið þróað miðað við nýjustu stýrikerfi í Windows, útprentun er auðveldari en var og hægt er að flytja gögn yfir í t.d. Word og Excel til frekari úrvinnslu. Meðal nýjung má nefna að hægt er að reikna kostnað vegna einfaldra tilboða og aðgerða og töflur um launategndan kostnað hafa verið uppfærðar til samræmis við nýjustu kjarasamninga.

Samtök iðnaðarins vona að Taxti III hljóti jafngóðar viðtökur félagsmanna og fyrri útgáfur og komi þeim að góðu haldi í daglegum rekstri. Verðlagningu TAXTA hefur verið stillt í hóf nú sem áður og kostar hann kr. 12.450,-. Nánari upplýsingar um TAXTA eru veittar á skrifstofu SI.

Eyjólfur Bjarnason



Á myndinni má sjá belti sem Halla Bogadóttir smíðaði úr silfri og náttúruþerlum en Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra, skartaði í tilefni Tískudaga sem SI stóðu fyrir

Góð staða byggingariðnaðar

Staða byggingariðnaðar hér á landi hefur sjaldan verið betri en um þessar mundir. Umsvif eru mikil hjá byggingafyrirtækjum og framboð verkefna sjaldan eða aldrei verið meira. Ekki eru horfur á að verkefnastaðan breytist næstu mánuði. Stóriðjuframkvæmdir standa út þetta ár en það er líka mjög mikið líf í almenna markaðnum.

Loftur Árnason
stjórnarmaður SI



Þetta skapar vissulega spennu á vinnumarkaði en það að geta flutt inn erlent starfsfólk hefur skipt sköpum. Undanfarna mánuði hefur líka verið skilningur á því að stytta þann tíma í opinbera kerfinu sem það tekur að fá atvinnuleyfi fyrir erlent starfsfólk. Möguleikinn á að flytja inn starfsfólk hefur komið í veg fyrir ofþenslu og það er mikil breyting frá því sem var við svipaðar aðstæður.

Skýrar reglur skortir um skattamál

Mikið hefur verið fjallað um starfsmannaleigur og stundum er eins og ólán hafi riðið yfir þjóðina. Mikill áróður hefur verið rekinn gegn slíkum fyrirtækjum, ekki síst þeim íslensku. Upp hafa komið einstök mál tengd þeim sem ekki hafa farið eftir leikreglum og þarf að koma í veg fyrir slíkt. Byggingariðnaðinum er nauðsyn að eiga aðgang að starfsfólki gegnum starfsmannaleigur sem geta útvegað hæfa starfsmenn og eru reknar af metnaði. Fyrir liggur að setja skýrar reglur um starfsmannaleigur og það er af hinu góða. Hins vegar er allt í óvissu um skattskyldu þessara starfsmanna og ekki virðist hægt að fá nokkurn botn í það því að reglur eru túlkðar á ýmsa vegu. Því er afar brýnt að úr skattalegri stöðu þessara starfsmanna verði skoríð með afgerandi hætti til að menn séu ekki á gráu svæði hvað þetta varðar.

Endurreisn gerðadóms

Úrlausn ágreiningsmála, sem upp koma milli verkkaupa og verktaka, hefur oft verið afar erfið úrlausnar á undanförunum árum. Í nágrannalöndum okkar

er algengt að útkljá slík mál í gerðardómum. Hér á landi féllu menn að mestu frá gerðadómsum fyrir nokkrum árum. Síðan hafa slík deilumál farið gegnum almenna dómskerfið sem er mjög seinvirkt. Byggingaraðilum getur því orðið mjög erfitt og dýrkeypt að leita réttar síns. Minni verktakar hafa oft takmarkað bolmagn til að standa í málaferlum, sem vara kannski árum saman. Verktökum finnst oft að viðsemjendur leggi meiri áherslu á að tefja mál og leita uppi formgalla en fjalla um þau efnislega. Á almenna markaðnum gætir meiri áhuga á að komast að sameiginlegri niðurstöðu en á þeim opinbera þar sem opinberir embættismenn hafa oft ekki styrk til að taka ákvarðanir og láta heldur aðra um að dæma í málunum. Vaknað hefur áhugi á að endurreisa gerðadóms verkfræðingafélagsins eða koma á fót öðrum slíkum. Vinnuhópur skipaður fulltrúum opinberra aðila, verktaka og ráðgjafa er nú að kynna sér þessi mál og mun gera tillögur til úrbóta. Ætlunin er að kynna opinberum aðilum hugmyndir í þá veru á næstunni.

Baráttan við kennitöluflakk

Byggingariðnaðinum hafa fylgt ýmis vandamál gegnum árin og eitt af þeim er svonefnt kennitöluflakk. Lýsir þetta sér þannig að aðilum, sem ekki hafa nægilegt bolmagn hvorki fjárhagslega né tæknilega, er úthlutað verkefnum bæði í einkageira og hjá hinu opinbera vegna þess að samningsupphæð er lág og því talin hagkvæm. Reyndin verður svo önnur. Verktakinn ræður ekki við verkefnið og verður gjaldþrota, öllum til tjóns. Oftar en ekki dúkka svo sömu aðilar upp með nýja kennitölu og hefja leikinn að nýju. Erfitt hefur reynst að girða fyrir slíkt enda virðist sem embættismenn skorti verkfæri til að koma í veg fyrir að slíkum aðilum sé hleypt að verkefnum.

Þetta þarf að laga.





atvinna þekking auður nýting velferð

ORKULINDIN ÍSLAND

Ráðstefna um gildi ál- og orkuframleiðslu á Íslandi
föstudaginn 27. janúar á Hótel Nordica

Samtök iðnaðarins, Samorka og
Samtök atvinnulífsins efna til ráðstefnu
um gildi ál- og orkuframleiðslu
á Íslandi, föstudaginn 27. janúar
á Hótel Nordica.

Ráðstefnan er öllum opin og
aðgangur ókeypis. Tilkynna þarf
þátttöku í gegnum vef SA, www.sa.is,
eða í síma 591 0000 eigi síðar en
kl. 10:00 föstudaginn 27. janúar.



Ráðstefnustjóri:
Ari Edwald, framkvæmdastjóri
Samtaka atvinnulífsins

Dagskrá

atvinna og auður

12:30 Móttaka ráðstefnugesta

13:00 **Stungió i samband**

Orka, ál og hagvöxtur

- Þóður Fríðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands



Könnun á afstöðu til virkjana, áliðnaðar og umhverfismála

- Þóra Ásgeirsdóttir, forstöðumaður viðhorfsrannsóknna hjá IMG Gallup



Í sátt við umhverfið

- Bryndis Skúladóttir, efnaverkfræðingur, Samtök iðnaðarins



Með fyrirtækjum skal land byggja

- Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar

- Guðmundur Páll Jónsson, bæjarstjóri Akranesskaupstaðar



Sviptivindar fyrr og nú

- Hallur Hallsson, sagnaritari



14:45 Kaffihlé

velferð og þekking

15:15 **Hátæknistörf og þekkingariðnaður**

- Ágúst Valteís, lektor við Háskólann í Reykjavík



Þekking - góð útflutningsvara

- Gunnar Tryggvason, fjármálastjóri Enox



Orkuríkir vinnustaðir - umhverfi starfsfólks

- Gyflí Ambjörnsson, framkvæmdastjóri ASI



pallborðsumræður

Staða og horfur - hvert stefnir?

- Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar

- Friðrik Sophússon, forstjóri Landsvirkjunar

- Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

- Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja

- Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi

- Tómas Mír Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðabáls

- Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Nórðuráli



16:30 Ráðstefnulok

SI
Samtök iðnaðarins

SAMORKA
Samtök raforku-, hita- og vassveittis

SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Hvað tekur nú við?

Undanfarinn áratugur hefur verið íslensku atvinnulífi góður. Með tilkomu EES samningsins var losað um margvíslegar hömlur á fyrir-tækjum hér á landi og stjórnvöld hafa borið gæfu til að halda áfram á sömu braut. Árangurinn hefur heldur ekki látið á sér standa. Hag-vöxtur undangenginna tíu ára hefur verið tvöfalt meiri en síðasta áratugar þar á undan. Íslensk fyrirtæki hafa lagst í metnaðarfulla útrás og íslenskur fjármagnsmarkaður hefur vaxið og dafnað hraðar en nokkurn óraði fyrir.

Mikilvægt að breyta hagstjórninni

Engu að síður tel ég breytta hagstjórn vera eitt af mikilvægustu verkefnum okkar fyrir íslenskt atvinnulíf á næstu árum. Vaxtamunur er nú í sögulegu hámarki, gengi krónunnar í hæstu hæðum og fjölmörg hátæknifyrirtæki á förum úr landi vegna óhagstæðs rekstrarumhverfis. Á sama tíma er verðbólga hér með því minnsta sem gerist samkvæmt samræmdri vísitölu neysliverðs á EES svæðinu. Við hljótum að geta, í svo litlu hagkerfi sem Ísland er, stuðst við aðrar og árangursríkari hagstjórnaraðferðir; aðferðir sem geta rúmað þenslutímabil, t.d. í tengslum við stóriðjuframkvæmdir, án þess að ryðja vaxtarbroddum í íslensku atvinnulífi úr landi. Mér sýnist

Þorsteinn Viglundsson
stjórnarmaður SI



einsýnt að verðbólguþema dugar þar ekki til.

Losa ber um hömlur í viðskiptalífinu

Auka þarf frelsi í íslensku atvinnulífi enn frekar. Enn eru viðamiklir þættir atvinnulífsins utan hefðbundins samkeppnisumhverfis svo sem landbúnaður, veitustofnanir, heilbrigðiskerfi, mennta-

kerfi og svo mætti áfram telja. Halda þarf áfram á braut einkavæðingar og styðjast við einkarekstur þar sem við á. Það stuðlar öðru fremur að aukinni samkeppni og stöðugra verðlagi. Draga þarf enn frekar úr hömlum á innflutningi erlends vinnuafis enda hefur launaskrið á þenslutímum verið meginrót innlendrar eftirspurnar verðbólgu á undanförunum árum.

Dregið verði úr opinberum álögum

Halda á áfram að draga úr opinberum álögum á fyrirtæki og einstaklinga. Enn eru hér ýmsir óþarfir verndar- og neyslutollar, svo að ekki sé minnst á of háan virðisaukaskatt. Ríkið á að láta af tilraunum til neyslustýringar í gegnum skattkerfið. Ísland sem skattaparadís er ekki óverðugt markmið

Við eigum, sem lítil þjóð, að vera óhrædd við að móta efnahagssumhverfi okkar á eigin forsendum í stað þess að afrita fyrirkomulag nágrannaríkja okkar og vísa statt og stöðugt til þess að svona sé þessu háttáð einhvers staðar annars staðar, eins og virðist vera lenska hér. Við getum gert miklu betur en svo.

Viljayfirlýsing undirrituð um nýtt félag um menntun í iðnaði

Skömmu fyrir áramót undirrituðu forsvarsmenn Samtaka iðnaðarins, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samiðnar, Félags bókagerðarmanna og MATVÍSS viljayfirlýsingu um stofnun nýs félags um símenntun í iðnaði.

Nýja félagið, sem hefur vinnuheimið Fræðslumiðstöð iðnaðarins, byggist á sameinuðum rekstri Menntafélags byggingariðnaðarins, Fræðsluráðs málmiðnaðarins, Fræðsluráðs hótél- og matvælagreina og Prenttæknistofnunar. Stefnt er að því að nýja félagið taki til starfa innan tveggja mánaða.

Markmiðið með sameiningunni er að efla núverandi þjónustu og að færa út



Undirbúningshópur að stofnun nýs félags

verkefnasviðið. Meðal þess er:

Þróun nýrra námsleiða t.d. fyrir hópa faglærðra og ófaglærðra sem ekki hafa haft aðgengi að námsframboði

- Fleiri þróunar- og þjónustuverkefni fyrir stjórnvöld
- Aukin áhrif á þróun iðnnáms
- Aukin áhrif á þróun og tengsl háskólanáms við iðnnám
- Aukin samþætting endurmenntunar og gæðastjórnunar fyrirtækja
- Aukin áhrif til umsagnar og ráðgjafar til stjórnvalda

- Hvers kyns efling á iðngreinunum, gæðum þeirra og fagmennsku
- Aukin fræðsla og kynning í þeim tilgangi að auka tiltrú almennings á iðnnámi, iðnfyrirtækjum og iðnaðarstörfum

Með sameiningu fræðslumiðstöðvanna fjögurra verður til öflug rekstrar-eining með um 150 m.k. ársveltu.

Ingi Bogi Bogason

Föstudaginn 27. janúar á Grand Hótel Reykjavík.

ÚTBOÐSPING 2006

Verklegar framkvæmdir í mannvirkjagerð og byggingariðnaði

Árlegt Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda verður haldið föstudaginn 27. janúar frá kl. 13:00 á Grand Hótel Reykjavík. Á undan býður fyrirtækið Samskipti gestum í léttan hádegisverð og kynningu í forsal.

Á þinginu verður gefið yfirlit yfir öll helstu útboð opinberra aðila á verklegum framkvæmdum. Þar gefst verktökum og öðrum einstaktækifæri til að skyggjast inn í verkefnaframboð ársins.

Fundarstjóri:
Sveinn Hannesson,
framkvæmdastjóri
Samtaka iðnaðarins

Nánari upplýsingar um
Útboðsþing 2006
veita Samtök iðnaðarins
í síma 591 0100,
netfang arni@si.is
eða eyjolfur@si.is

Dagskrá

12:00 Léttur hádegisverður í forsal

- í boði Samskipta

13:00 Setning

- Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI

Reykjavíkurborg

- Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri

Framkvæmdasýsla ríkisins

- Óskar Valdimarsson, forstjóri FRS

Siglingastofnun

- Sigurður Áss Grótarsson, forst.m. hafnasviðs

Landsvirkjun

- Björn Stefánsson, deildarstj. virkjanadeildar

Kópavogsbær

- Gunnar Birgisson, bæjarstjóri

15:15 Kaffihlé

15:45 Hafnarfjarðarbær

- Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri

Landsnet

- Árni Stefánsson, tækni- og eignastjóri

Orkuveita Reykjavíkur

- Ásgeir Margeirsson, aðstoðarforstjóri

Vegagerðin

- Rognvaldur Gunnarsson, forst.m. framkv. deildar

17:15 Fundarlok

Kaffi og léttar veitingar fyrir gesti að loknu þingi



Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

Í samvinnu við:

